



Fundargerð 58. aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) haldinn á Breiðdalsvík 23. maí 2023

Dagskrá fundarins var á vefnum ásamt viðeigandi gögnum á meðan fundinum stóð.

1) Setning aðalfundar, skipun fundarstjóra og ritara

Berglind Harpa Svavarsdóttir, formaður SSA, setti aðalfundinn kl. 10:00 og bauð fundarmenn og gesti velkomna á 58. aðalfund SSA. Hún bar upp tillögu um Jón Björn Hákonarson sem fundarstjóra og Þórð Vilberg Guðmundsson sem fundarritara og var tillagan samþykkt samhljóða.

Jón Björn tók því næst við stjórn fundarins og fór yfir dagskrá fundarins.

Fundarstjóri staðfesti því næst kjörbréf og sagði mætingu kjörinna fulltrúa vera í samræmi við kjörbréfin sem bárust fyrir fundinn.

Fljótshreppur: 1 kjörbréf – 95

Múlaþing: 8 kjörbréf – 5177

Fjarðabyggð: 8 kjörbréf – 5163

Vopnafjörður: 1 kjörbréf – 650

2) Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri lagði til að skýrsla stjórnar og ársreikningur yrðu tekin til umfjöllunar saman ef engin hreyfði við því andmælum. Fundarstjóri bauð því næst Berglinni Hörpu að kynna skýrslu stjórnar.

- Í yfirferð sinni fór Berglind yfir helstu verkefni stjórnar á árinu sem hún sagði hafa verið bæði viðburðaríkt og líflegt. Haldnir voru 10 stjórnarfundir, bæði fjar- og staðfundir. Hún sagði mikilvægt að halda staðfundi líka þótt tæknin væri oft þægileg. Þannig fengi stjórnin skýrari skilaboð um það sem brennur á heimamönnum á hverjum stað.
- Hún ræddi mikilvægi þess að fara í endurskoðun á samþykktum SSA m.a. til að gera þær skýrari og sagðist seinna á fundinum ætla að mæla fyrir tillögu að bókun þess efnis.
- Hún rifjaði upp skýrsluna „Efnahagsgreining Austurlands“ sem unnin var með ráðgjafafyrirtækinu Analytica sumarið 2023. Tilgangur þess var að greina framlag Austurlands til reksturs þjóðarbúsins en megin niðurstaðan var sú að landshlutinn skaffar um fjórðung vöruútflutningstekna landsins þrátt fyrir að þar búi innan við 3% landsmanna.
- Skýrslan var kynnt ríkisstjórn Íslands á fundi á Egilsstöðum 31. ágúst og um fundinn sagði Berglind: „Við vorum alveg skýr í máli okkar með ríkisstjórn Íslands“

að mikilvægt sé að horft sé í mun meira mæli til verðmætasköpunar landssvæða og að sanngjörn prósentu verðmætanna skili sér til baka í uppbyggingu svæðanna. Skammarlegt er hve litlir fjármunir rata til baka inn á svæðin og þeirri aðferðafræði við útdelingu fjármagns frá hinu opinbera til landshlutanna þarf að breyta.“

- Í þessu samhengi talaði hún mikilvægi góðs orkuaðgengis fyrir austfirskt atvinnulíf, uppbyggingu þess á síðustu árum og tækifæri til vaxtar m.a. með eflingu Egilsstaðarflugvallar og annarri innviðauppbyggingu.
- Hún ræddi sérstaklega þörfina fyrir frekari fjárfestingu í samgöngum á svæðinu og gagnrýndi stjórnvöld fyrir að láta nauðsynlegar samgönguframkvæmdir sitja á hakanum og nefndi þar t.d. uppbyggingu Suðurfjarðavegar og heilsársveg um Öxi.
- Hún talaði jafnframt um Fjarðarheiðargöng og sagði slæmt að beðið væri með fullhönnuð göng, tilbúin til framkvæmda, á sama tíma og engar framkvæmdir hafi verið við gerð jarðganga á Íslandi í að verða fimm ár. „Þetta er mikið áhyggjuefni því stefna ríkisstjórnar er að ávallt séu framkvæmdir við jarðgöng hverju sinni. Það er ekki nokkur vafi á að bættar samgöngur munu gerbreyta möguleikum hins kraftmikla austfirska atvinnulífs til atvinnu- og verðmætasköpunar,“ sagði Berglind og bætti við að það væri mikið áhyggjuefni að ekki væri búið að afgreiða samgönguáætlun.
- Berglind lagði áherslu á mikilvægi þess að gott samband væri á milli þingmanna og ráðherra annars vegar og heimamanna á Austurlandi hins vegar. Þá væri mikilvægt að fjölga talsmönnum Austurlands m.a. á þingi.
- Hún lagði áherslu á sameiningarmátt Austurlands og lokaorð hennar voru:

„Við erum eitt svæði og sveitarfélögin hafa mismunandi styrkleika sem eru mikilvæg hvert öðru. Við hugsum sem ein heild í Svæðisskipulagi Austurlands, við hugsum einnig sem ein heild í greiningu Analytica á efnahagssumsvifum Austurlands. Einungis fjögur sveitarfélög eru nú á Austurlandi og ég sé fyrir mér að innan tíðar verði frekari sameiningar og að lokum verður til eitt Austurland og vil ég leggja hér með til heitið „Austurríki“ sem er stórt nafn enda eigum við að hugsa stórt. Við erum stór hluti í verðmætasköpun á Íslandi og stórhuga. Áfram Austurríki verða því mín lokaorð hér í dag.“

Að lokum vísaði hún fundarmönnum á rafræna ársskýrslu SSA á vef Austurbrúar.

Fundarstjóri gaf orðið laust vegna umræðu um skýrslu stjórnar. Engin tók til máls.

3) Kynning á ársreikningi 2023

Fundarstjóri gaf Ingimari Guðmundssyni, frá KPMG, orðið til að kynna ársreikning SSA fyrir árið 2023 og fór hann yfir helstu niðurstöður hans.

- Rekstrarafgangur ársins 2023 er rúmar 27 milljónir.
- Heildareign er tæpar 374 milljónir
- Skuldir eru 278 milljónir
- Eigið fé er um 95 milljónir.
- Handbært fé í árslok er rúmlega 345 milljónir.

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023	Áætlun 2023	2022
Rekstrartekjur:				
Framlög sveitarfélaga		30.827.518	30.827.518	29.705.180
Önnur rekstrarframlög		202.735.716	217.236.142	211.248.383
Aðrar tekjur		1.485.268	0	30.056.263
	1b	<u>235.048.502</u>	<u>248.063.660</u>	<u>271.009.826</u>
Rekstrargjöld:				
Verkefnastjórn, nefndarlaun og greiðslur til Brúar lífeyrissjóðs		25.277.313	27.575.840	25.742.414
Lífeyrisskuldbinding, breyting	3	11.019.525	13.500.000	11.616.871
Annar stjórnunarkostnaður		4.443.713	3.650.000	3.682.702
Funda- og ferðakostnaður		5.140.830	6.500.000	5.504.200
Sérverkefni, beinn kostnaður		174.313.818	198.390.279	216.065.807
	1c	<u>220.195.199</u>	<u>249.616.119</u>	<u>262.611.994</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		14.853.303	(1.552.459)	8.397.832
Vaxtatekjur		12.362.323	2.000.000	2.459.706
Vaxtagjöld		(15.483)	0	(5.354)
		<u>12.346.840</u>	<u>2.000.000</u>	<u>2.454.352</u>
Rekstrarafgangur	2	<u>27.200.143</u>	<u>447.541</u>	<u>10.852.184</u>



Efnahagsreikningur 31. desember 2023

		Skýr.	2023	2022
Eignir				
Fastafjármunir:				
Áhættufjármunir:				
Eignarhlutur í SV Aust ehf.	1e	665.000	665.000	
Fyrirframgreiddur kostnaður	4	4.060.496	4.253.603	
		<u>4.725.496</u>	<u>4.918.603</u>	
	Fastafjármunir	<u>4.725.496</u>	<u>4.918.603</u>	
Veltufjármunir:				
Skammtímakröfur:				
Krafa vegna lögbanns	5	7.000.000	7.000.000	
Fyrirframgreiddur kostnaður	4	193.107	193.107	
Aðrar skammtímakröfur	6	16.316.697	44.954.363	
Handbært fé.....	1f	345.334.737	277.393.275	
	Veltufjármunir	<u>368.844.541</u>	<u>329.540.745</u>	
	Eignir samtals	<u>373.570.037</u>	<u>334.459.348</u>	
Eigið fé og skuldir				
Eigið fé:				
Eiginfjárreikningur	2	95.407.677	68.207.534	
Skuldbindingar:				
Lífeyrisskuldbinding	3	114.253.680	111.182.527	
		<u>114.253.680</u>	<u>111.182.527</u>	
Skammtímaskuldir:				
Fyrirframinnheimtar tekjur	7	56.236.573	56.236.573	
Ógreiddur rekstrarkostnaður		89.517.107	81.075.214	
Ógreitt vegna uppbyggingarsjóðs		18.155.000	17.757.500	
		<u>163.908.680</u>	<u>155.069.287</u>	
	Skuldir samtals	<u>278.162.360</u>	<u>266.251.814</u>	
	Eigið fé og skuldir samtals	<u>373.570.037</u>	<u>334.459.348</u>	

- Fjárhagsáætlun 2025
 - Engin tók til máls og áætlunin var samþykkt samhljóða.
- Tillaga að árgjöldum 2025
 - Engin tók til máls og tillagan var samþykkt samhljóða.

7) Könnun ársreiknings

Framkvæmdastjóri fór yfir fyrirkomulag í tengslum við könnun ársreiknings og upplýsti um að til staðar væri samningur við KPMG.

8) Kjör stjórnar

Fundarstjóri gaf Ragnari Sigurðssyni orðið til að fara yfir tillögu kjörnefndar. Ragnar lagði fram tillögu um að í stjórn SSA sætu:

Aðalmenn:

Berglind Harpa Svavarsdóttir (Múlaþing)
Eyþór Stefánsson (Múlaþing)
Puríður Lillý Sigurðardóttir (Fjarðabyggð)
Stefán Þór Eysteinnsson (Fjarðabyggð)
Axel Örn Sveinbjörnsson (Vopnafjarðarhreppur)

Varamenn:

Jónína Brynjólfsdóttir (Múlaþing)
Helgi Hlynur Ásgrímsson (Múlaþing)
Þórdís Mjöll Benediktsdóttir (Fjarðabyggð)
Jón Björn Hákonarson (Fjarðabyggð)
Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (Vopnafjarðarhreppur)

Fundarstjóri gaf orðið laust. Engin tók til máls.

Fundarstjóri bar upp tillögu kjörnefndar til atkvæða og var hún samþykkt samhljóða.

9) Önnur mál

Formaður stjórnar, Berglind Harpa, bað um orðið og lagði fram tillögu stjórnar um endurskoðun á samþykktun. Hún mælti fyrir henni og sagði:

„Í núgildandi samþykktum SSA frá 2020 kemur fram að breytingar á samþykktum eigi að afgreiða hér í dag á aðalfundi SSA. Breytingar liggja ekki fyrir en eru mikilvægar. Stjórn telur mikilvægt að samþykktirnar séu skýrari og upplýsandi fyrir hvern þann sem les þær og okkur í stjórninni finnst vanta þar verulega upp á. Einnig hafa komið upp hinar ýmsu skoðanir hvort breyta eigi samþykktunum. Stjórn SSA finnst því mikilvægt að sett verði á fót laganefnd sem muni hefja störf við endurskoðun á samþykktunum og á haustþingi leggi sú nefnd fram



stöðuskýrslu sína. Umræður fari svo fram á haustþingi sem nýtast munu til frekari vinnu við endurskoðunina en samþykktirnar verði svo teknar til endanlegrar afgreiðslu á aðalfundi 2025.“

Hún lagði fram eftirfarandi tillögu fyrir hönd stjórnar SSA:

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 23.maí 2024 samþykkir að farið verði í endurskoðun á samþykktum SSA. Stjórn SSA er því falið að skipa laganefnd sem fara skal yfir samþykktirnar og leggja fram stöðuskýrslu um vinnuna á haustþingi 2024. Þar skulu fara fram umræður um vinnuna og skal svo laganefndin skila tillögum sínum að endurskoðuðum samþykktum fyrir aðalfund 2025. Skulu þær vera tilbúnar fyrir aðalfund og sendar út með fundarboði til kynningar í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna.“

Fundarstjóri gaf því næst orðið laust um tillöguna. Engin tók til máls. Tillagan var því næst borin upp til atkvæða og var hún samþykkt samhljóða.

Fundurinn veitti því næst fundarstjóra og fundarritara heimild til að ganga frá fundargerð og að því loknu sleit fundarstjóri fundi kl. 10:50.

Undirritunarsíða

Jón Björn Hákonarson

Þórður Vilberg Guðmundsson